

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK
b.t. félags- og tryggingarmálanefndar

Reykjavík 13. maí 2008

Tilvísun: 200804-01260.03.00

Varðandi: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaráætlun í málefnum innflytjenda.


Vinnueftirlitið gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaráætlun í málefnum innflytjenda:


- 1) Vinnueftirlitið leggur áherslu á að í verkefni 2.3 verði gerð viðhorfskönnun til aðstæðna innflytjenda á vinnustöðum, þ.e. athugað verði hvort erlendir starfsmenn njóti ekki sama aðbúnaðar og öryggis á vinnustöðum og innlendir starfsmenn.
- 2) Vinnueftirlitið leggur ríka áherslu á að í verkefni 3.2 verði innflytjendur upplýstir um rétt sinn til góðs aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis á vinnustöðum í samræmi við lög nr. 46/1980 og á upplýsingarvefnum (mcc.is/island.is) verði skýr tenging við heimsíðu Vinnueftirlitsins.
- 3) Vinnueftirlitið leggur áherslu á að í verkefni 3.4 verði innflytjendur upplýstir um rétt sinn til góðs aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis á vinnustöðum í samræmi við lög nr. 46/1980.
- 4) Vinnueftirlitið gerir athugasemdir við verkefni 5.2 í eftirfarandi liðum:
 - a. Ef Vinnueftirlitinu er ætlað að veita túlkunarþjónustu til handa starfsmönnum með takmarkaða íslenskukunnáttu við aðstæður eins og vinnuslys eða þar sem aðrir brýnir hollustu- og öryggishagsmunir eru í húfi þá verður fjármögnun að fylgja verkefninu.
 - b. Vinnueftirlitið telur tímarammann líka vera of stuttan og leggur til að hann verði frá 2008-2010.
- 5) Vinnueftirlitið gerir athugasemdir við verkefni 8.3 í eftirfarandi liðum:
 - a. Vinnueftirlitið gerir það að tillögu sinni að orðalaginu “Hert eftirlit” verði breytt þannig að í staðin komi “Aukið eftirlit” til að leggja á það áherslu að tilgangurinn með eftirliti Vinnueftirlitsins með vinnustöðum þar sem erlendir starfsmenn eru fjölmennir er að bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi þeirra þannig að hann verði sambærilegur aðbúnaði innlendra starfsmanna.
 - b. Gerð er athugasemd við það að framkvæmd þessa verkefnis sé eyrnamerkt deild innan Vinnueftirlitsins og er lagt á það áhersla að eingöngu verði í texta þingsályktunartillögunar getið að Vinnueftirlitið hafi framkvæmd með verkefninu.

- c. Vinnueftirlitið leggur ríka áherslu á það að árangur/mat á verkefninu sé fækkun vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, til samræmis við 78.-81. gr. laga nr. 46/1980, og að orðalaginu verði breytt til samræmis við það.
- 6) Vinnueftirlitið gerir athugasemdir við verkefni 8.4 í eftirfarandi liðum:
- a. Gerð er athugasemd við það að framkvæmd þessa verkefnis sé eyrnamerkt deild innan Vinnueftirlitsins og er lagt á það áhersla að eingöngu verði í texta þingsályktunartillögunar getið að Vinnueftirlitið hafi framkvæmd með verkefninu.
- b. Vinnueftirlitið telur tímarammann líka vera of stuttan og leggur til að hann verði frá 2008-2010.
- c. Vinnueftirlitið telur að fjármagn verði að fylgja því verkefni að gefa út fræðslufni um vinnuvernd á erlendum tungumálum.
- 7) Vinnueftirlitið gerir athugasemdir við verkefni 8.5 í eftirfarandi liðum:
- a. Það verkefni að halda námskeið á erlendum tungumálum og útbúa námsgögn á erlendum tungumálum er mjög viðamikilið verk ef þörf er fyrir að halda námskeiðin á öðrum tungumálum en ensku og pólsku. Vinnueftirlitið leggur til að byrjað verði að kenna á ensku og pólsku og í framhaldi af því verði gerð þarfagreining á nauðsyn þess að kenna á öðrum tungumálum.
- b. Gerð er athugasemd við það að framkvæmd þessa verkefnis sé eyrnamerkt deild innan Vinnueftirlitsins og er lagt á það áhersla að eingöngu verði í texta þingsályktunartillögunar getið að Vinnueftirlitið hafi framkvæmd með verkefninu.
- c. Vinnueftirlitið telur tímarammann líka vera of stuttan og leggur til að hann verði frá 2008-2012.
- d. Vinnueftirlitið leggur mikla áherslu á að fjármagn verði að fylgja með svo viðamiklu verkefni sem það er að halda námskeið í vinnuverndar- og öryggismálum á erlendum tungumálum.

Að öðru leyti gerir Vinnueftirlitið engar frekari athugasemdir við þessa tillögu að þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda og fagnar þessu frumkvæði stjórnvalda í málefnum innflytjenda.

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlitsins


Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri


Þjórn P. Rögnvaldsson
lögfræðingur